

Yfirdómurinn verður þannig að aðhyllast þá skoðun undirdómarans, að hinum stefnda hafi verið vangoldið í embættislaun úr landssjóði fyrir tímabilið frá 1. septbr. 1878 til 1. septbr. 1882 samtals 1190 kr., og ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn bæði að því er snertir sakarefnið og ákvæði dómsins um málskostnað í hjeraði. — Eptir þessum úrslitum málsins ber áfrýjandanum einnig að endurgjalda hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er virðist hæfilega metinn 20 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Bæjarþingsdómurinn í máli þessu á óraskaður að standa.

Áfrýjandinn, landshöfðinginn fyrir hönd landssjóðsins, greiði hinum stefnda, Þorgrími hjeraðslækni Johnsen, málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum.

Mánudaginn 30. júlímán.

Nr 23/1883

Rjettvísinn

gegn

Inggjaldi Guðbrandssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir aukarjetti Reykjavíkur kaupstaðar 10. dag aprílmánaðar þ. á., var hinn ákærði, Inggjaldur Guðbrandsson, dæmdur fyrir þjófnað á 2 pundum af ofanaftekinni vorull til fangelsis við vatn og brauð í 5 daga, og til að lúka öllum af varðhaldi sínu og málinu löglega leiðandi

kostnaði. Þessum dómi er að beiðni hins ákærða skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað, að hann tvívegis hafi stolið ull frá húsbónda sinum, Ófeigi bónda Guðmundssyni í Nesi, sem sje, 1 pundi í fyrra sumar og 1 pundi í vetur, er leið. Ullin var ofanaftekin vorull, og seldi hann 1  $\frac{1}{2}$  pund af henni í búðum hjer í Reykjavík, en  $\frac{1}{2}$  pund ljet hann nafngreindan mann fá uppi viðskipti þeirra. Ullina tók hann, fyrra pundið úr poka uppá opnu lopti í húsinu, síðara pundið úr rúmi í herbergi því, sem heima-fólkið sat í.

Hegning sú, sem hinn ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefir verið hegnt fyrir neitt afbrot, hefur til unnið fyrir þenna verknað sinn, er með rjettu heimfærð undir 230. gr. hegningarlaganna, og virðist mega standa við hegningu þá, sem hann er dæmdur í við undirdóminn. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða aukafingsdóm, einnig að því ákvæði hans um málskostnað snertir. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins fyrir undirdómi hefur verið víta-laus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á óraskaður að standa. Hinn ákærði, Ingjaldur Guðbrands-son, greiði allan af áfrýjun málsins löglega

leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 13/1883.

Þórður Sigurðsson  
 gegn  
 Helga Guðmundssyni.

#### D ó m u r:

Afrýjandi þessa máls, sem einnig var sækjandi þess í hjerði, hefur stefnt fyrir yfirdóminn sem varnaraðila þess hreppstjóra og hreppsnefndaroddvita Helga Guðmundssyni á Heylæk, eða hreppsnefndinni í Fljótshlíðarhreppi, og í sóknarskjali sínu fyrir yfirdóminum hefur hann krafizt, að nefndur Helgi Guðmundsson yrði fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Fljótshlíðarhreppi dæmdur til að inna af hendi ýmsar fjárreiður. Í hjerði er málssókninni aptur á móti, bæði í kærinni til sáttanefndar, í stefnunni til undirdóms og í sóknarskjölunum eingöngu beint að hreppstjóra og hreppsnefndaroddvita Helga Guðmundssyni á Heylæk, án þess að hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps sje að neinu getið sem varnaraðila eða neins krafizt af henni. — Með því að málið þannig er sókt fyrir yfirdóminum gegn öðrum varnaraðila en í hjerði, og enginn dómur er genginn í hjerði um kröfur afrýjandans á hendur hreppsnefndinni í Fljótshlíðarhreppi, þá ber að vísa máli þessu frá yfirdóminum samkvæmt aðalkröfu